

Alþingi
Selma Hafliðadóttir
101 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 01.12.2005
Tilv. 2005/0738 - 0.0.1
TA

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, 314. mál.

Neytendastofa vísar til bréfs yðar dags. 28. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn hennar um frumvarp til laga um breytingu á lögum hollustuhætti og mengunarvarnir, 314. mál, úttekt faggilts aðila. Í framangreindu frumvarpi er lagt til að felldur verði inn nýr málslíður í nágildandi 23. gr. laga nr. 7/1998 þar sem ráðherra verði heimilt að kveða nánar á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila.

Faggildingarsvið Neytendastofu starfar m.a. í umboði stjórnvalda að því að veita faggildingu hér á landi óski fyrirtæki eða einstaklingar eftir því. Á undanförunum árum hefur starfssvið faggildingar stækkað. Ástæða þess er m.a. sú að í auknum mæli er nú beitt aðferðarfræði á vettvangi Evrópusambandsins sem byggir á faggildingu. Auk þess hefur framkvæmd á opinberu eftirliti á ýmsum sviðum verið færð frá eftirlitsstofnunum til faggiltra aðila. Rétt er að undirstrika að einungis framkvæmd eftirlitsins færist frá stjórnvaldinu því að samkvæmt þessari aðferðarfræði þá skilar faggiltur aðili stjórnvaldinu skoðunarskýrslum. Á grundvelli skoðunarskýrslu og annarra gagna tekur stjórnvaldið viðeigandi stjórnvaldsákvarðnir þegar og ef þess gerist þörf. Neytendastofa hefur á undanförunum árum stuðst við slíka tilhögun við framkvæmd eftirlits sem henni hefur verið falið lögum samkvæmt þegar þess hefur verið nokkur kostur. Í dæmaskyni má nefna að framkvæmd skoðana á sviði markaðseftirlits með rafföngum, leikföngum svo og framkvæmd á öðrum lögbundnum skoðunum t.d. með öryggiskerfum rafverktaka, raforkufyrirtækja, o.fl. er að öllu leyti falin aðilum sem hafa fengið faggildingu (mat á hæfni) til að framkvæma slíkar skoðanir á vegum stjórnvaldsins.


Reynsla af þessari framkvæmd er góð og getur stofnunin mælt með að framangreindri aðferð sé ávallt beitt við framkvæmd eftirlits þegar aðstæður leyfa. Fjölgi starfs - og eftirlitssviðum faggildingar t.d. með því að í sífellt fleiri lögum sé gert ráð fyrir að nota megi aðferðir sem byggjast á faggildingu við eftirlit á vegum stjórnvalda þá styrkir það þá

aðferðarfræði sem er grundvöllur fyrir starfsemi faggildingarsviðs og starfsemi faggildingar almennt á Íslandi.

Loks vill Neytendastofa benda á að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um faggildingu, o.fl., sbr. þskj. 403, 361. mál og er með því frumvarpi verið að treysta enn frekar starfsgrundvöll fyrir starfsemi faggildingarsviðsins í framtíðinni.

Niðurstaða Neytendastofu er því að frumvarp til breytinga á lögum 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 314. mál, úttekt faggilts aðila er því til þess fallið að styrkja faggildingu á Íslandi og ennfremur byggt á aðferðarfræði sem reynst hefur þessu eftirlitsstjórnvaldi vel á undanförunum árum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri